

L Ö G

1

21. jan.

um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 4. gr. laga nr. 120 30. des. 1943, um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir, og lögum nr. 75 1942, um breyting á þeim lögum, hef látið fella meginmál hinna fyrstnefndu laga og laga nr. 75 1942 inn í texta laga nr. 57 1937, og gef þau hér með út svo breytt sem lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir:

1. gr.

Lestrarfélög utan þeirra kaupstaða eða kauptúna, þar sem amts-, bæjar- eða sýslubókasöfn eru starfandi og kennslukvikmyndasafn, er stofna skal að tilhlutun fræðslumálastjórnarinnar, skulu njóta styrks samkvæmt lögum þessum. Þó er heimilt að greiða styrk lestrarfélögum í kaupúnum, þótt sýslubókasafn sé þar starfandi, ef það hefur eigi samskonar bókakost.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir árlega kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur — í styrktarsjóð lestrarfélaga, sem er undir stjórn fræðslumálastjóra.

Skemmtanaskatt skal innheimta með 15% álagi, og skulu tveir þriðju hlutar álagsins renna til kennslukvikmyndasafns, en þriðjungur þess til styrktarsjóðs lestrarfélaga. Um innheimtu álagsins fer samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.

3. gr.

Stjórn lestrarfélags, er styrks vill njóta, sendir fræðslumálastjóra í lok hvers starfsárs reikning yfir tekjur og gjöld félagsins á árinu, ásamt félagsmannaskrá. Enn fremur skýrslu um bókaútlán á árinu, þar sem tilgreint sé, hversu margar bækur hafa verið lánaðar út á árinu og hve mörgum félagsmönnum. Skýrslunni fylgi skrá um bækur, sem félagið hefur eignast á árinu.

4. gr.

Styrkur til lestrarfélags er bundinn því skilyrði, að fyrir liggi yfirlýsing hreppsnefndar í þeim hreppi, þar sem félagið starfar, um að hreppurinn eða sýslan styrki félagið með a. m. k. jafnhárri upphæð og því verði úthlutuð sem aðalstyrk úr styrktarsjóði lestrarfélaga fyrir það ár, sem um er að ræða.

5. gr.

Fræðslumálastjóri úthlutar styrk til lestrarfélaga ár hvert, svo fljótt sem auðið er, fyrir næsta ár á undan, eftir því sem tekjur sjóðsins hrökkva til.

6. gr.

Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga hlutfallslega eftir tekjum þeirra, og má greiða hverju þeirra fjárhæð, sem nemur allt að helmingi af samantöldum félagsmanna- og afnotagjöldum og styrk úr hrepps- og sýslusjóði. Þó má eigi greiða neinu félagi hærri fjárhæð en sem svarar 10 kr. á heimili og 4 kr. fyrir hvern þann félagsmann, sem er umfram tölu heimilanna og árgjald hefur greitt.

1 Enn fremur má veita lestrarfélagi aukastyrk, ef tekjur sjóðsins leyfa, og skal 21. jan. miða hann við bókakaup, útlán bóka og aðra aðstöðu.

7. gr.

Fræðslumálastjóri ákveður um skýrsluskil lestrarfélaga.

8. gr.

Lestrarfélögum, sem styrkhæf eru samkvæmt lögum þessum, skal senda árlega ókeypis eitt eintak hverju af Alþingistiðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum hagstofunnar, Lagasafni, Hæstaréttardómum, skýrslum ríkisskólanna, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum millipinganeftnda og öðrum opinberum skýrslum, er ríkið og stofnanir þess gefa út. Stofnanir þær, er gefa út rit þessi, skulu annast útsendingu þeirra.

9. gr.

Eigi er styrkhæft lestrarfélag með færri félagsmönnum en 10. Ef starfsemi lestrarfélags virðist vera í miklu ólagi, er fræðslumálastjóra heimilt að svipta það styrk, unz starfseminni hefur verið komið í viðunandi horf.

10. gr.

Kennslumálaráðuneytið setur nánari reglur um lestrarfélög og kennslukvikmyndasafn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum.

Kennslukvikmyndasafnið er eign ríkisins, en í reglugerð skal ákveða um íhlutun þeirra skóla og félaga, sem safnið nota, um stjórn þess og árstíllög eða leigur fyrir myndir.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. janúar 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

2

21. jan.

L Ö G

um ófriðartryggingar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 12. gr. laga nr. 91 16. desember 1943, um breyting á lögum nr. 97 9. júlí 1941, um ófriðartryggingar, hef látið færa hin fyrrnefndu lög inn í meginmál laga nr. 97 9. júlí 1941, og gef þau hér með út að nýju svo breytt:

I. KAFLI

Stofnun tryggingarinnar.

1. gr.

Setja skal á fót stofnun til að standa straum af tjóni af völdum hernaðar á fasteignum, skipum og lausafé landsmanna, sem ekki er tryggt gegn tjóni af völdum ófriðar eða fæst bætt á öðrum vettvangi. Stofnunin nefnist Ófriðartryggingin.